

Akureyri 8.feb.2021

Mál 419 um breytingu á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum um stjórn fiskveiða (veiðistjórn grásleppu, sandkola og hryggleysingja).

5. gr.

Við 6. mgr. 15. gr. laganna bætist eftirfarandi: Ráðherra er heimilt með reglugerð að undanskilja grásleppu frá ákvæði þessu ef aðstæður á markaði leiða til þess að afli vertíðar verður óvenjulítill. Þarna held ég að þurfi að ákveða strax hvað menn ætla sér. Þeir sem stundað hafa grásleppu veiðar vita vel að miklar sveiflur eru á milli ár, það er á hverju svæði fyrir sig eru miklar sveiflur þó svo heildar afli á öllum svæðum sé svipaður milli ár. Á mínum bát var afli frá 20 tonnum upp í 60 tonn, allt gert eins og öll árin. Því er ég verulega huggsi yfir því að það eigi líka að ákveða hvað hvert svæði má veiði. Segjum sem svo að veiði á svæði A verði léleg og að viðkomandi nái ekki að veiða sín 50%, en veiði á svæði B er bara góð, á þá að svifta bát á svæði A heimildum sínum af því að honum er bannað að fara á svæði B. Grásleppa er ekki eins og þorskur og ýsa, hún veiðist bara hluta af árinu. Það getur verið góð veiði í Eyjafirði og sunnan við Langanes en allt dautt þar á milli. Það hefur oft gerst og svo öfugt.

Rétt er að minnast þess að grásleppa fer mjög víða. Það eru dæmi sem Biopol ætti að geta staðfest um veiði á merktum grásleppum út fyrir Tjörnesi í sömu veiðiferð, þar sem önnur grásleppan var merkt sunnan við Langanes og hin norðan við Skagatá nokkrum dögum áður en hún veiddist. Að ætla að svæðaskipta kvóta set ég spurningarmerki við.

Að öðru leiti styð ég að grásleppa sé sett í aflamark.

Bestu kveðjur

Þórður Birgisson